

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

40

31. maí

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfríhöll, 31. maí 1927.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

L Ö G

um

41

31. maí

varðskip ríkisins og sýslunarmenn á þeim.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Varðskipin skulu eiga heimili í Reykjavík. Þetta þarf ekki að letra á skipin. Skjaldarmerki Íslands skal á þeim vera. Allir starfsmenn skipa þessara eru sýslunarmenn ríkisins, hvort sem þeir eru skipaðir af ráðuneytinu, settir eða á annan veg ráðnir þar til starfa. Skulu þeir allir slysatrygðir af útgerð skipanna, eftir svipuðum reglum og skipshafnir á öðrum skipum ríkissjóðs og Eimskipafjelags Íslands.

2. gr.

Skipherrar á varðskipunum eru löggæslumenn ríkisins á landhelgissvæðinu. Stýrimenn eru aðstoðarmenn þeirra við löggæsluna.

3. gr.

Skipherrar, stýrimenn, vjelstjórar og loftskýtamenn skulu skip-

41 aðir af ráðuneytinu. Það skipar og bryta og semur við hann um borgun 31. maí fyrir fæði skipverja, þó ekki fyrir lengri tíma en eitt ár í senn.

Ráðuneytið getur hvenær sem er vikið frá sýslan, um stundarsakir eða fyrir fult og alt. sjerstökum sýslunarmanni á skipunum.

Um frávikning sýslunarmanna á varðskipunum, hvort heldur er um stundarsakir eða fyrir fult og alt, gilda sömu reglur og um aðra sýslunarmenn ríkisins

Skipverjar settir eða skipaðir af ráðuneytinu geta sagt upp starfi sínu með 6 mánaða fyrirvara. Með sama fyrirvara af hálfu beggja samningsaðilja má segja upp samningum þeirra skipverja, sem ekki eru settir eða skipaðir af ráðuneytinu.

4. gr.

Aðra sýslunarmenn en þá, er um getur í 3. gr., ræður skipherra í umboði ráðuneytisins. Þó skulu kyndarar ávalt ráðnir í samráði við 1. vjelstjóra. Mönnum þessum getur skipherra hvenær sem er vikið frá sýslan, um stundarsakir eða fyrir fult og alt, en skýra skal þá tafarlaust ráðuneytinu frá málavöxtum.

Nú álitur skipherra, sem staddur er á varðskipi utan Reykjavíkur, nauðsynlegt, að einhverjum þeirra starfsmanna, sem taldir eru í 3. gr., sje þegar vikið frá sýslan, og má hann þá víkja sýslunarmanninum frá um stundarsakir, en skýra skal hann ráðuneytinu þegar í stað frá því, og leggur ráðherra úrskurð á málið.

5. gr.

Laun sýslunarmanna skulu ákveðin í launalögum. Skráning manna á skipin fyrir skráningarstjórum skal ekki fara fram.

Siglingartími sýslunarmanna á varðskipunum skal tekinn til greina sem siglingartími skráðra manna á öðrum eimskipum sömu stærðar í utanlandssiglingum.

6. gr.

Sje sýslunarmanni vikið frá um stundarsakir, tekur hann ekki laun á meðan. Sje honum vikið frá fyrir fult og alt, og það er ekki gert vegna elli eða vanheilsu, ákveður ráðuneytið, hvort honum eftir atvikum skuli endurgoldin iðgjöld þau, er hann hefir greitt samkvæmt launalögum í lífeyrissjóð embættismanna, eða ekki. Sýslunarmenn þessir, aðrir en skipherra, 1. stýrimaður og 1. vjelstjóri, fá að öðru leyti endurgreiðslu iðgjalda úr lífeyrissjóði eftir reglum laga nr. 51 1921, 4. gr.

7. gr.

Ráðuneytið setur reglugerð um löggæslustarfið og um einkennis-

búninga sýslunarmanna. Það má einnig ákveða tilhögun alla á starfinu, verkaskiftingu o. fl. 41
31. maí

8. gr.

Nú brýtur sýslunarmaður gegn skyldum sínum eftir reglum þeim, sem settar eru samkvæmt lögum þessum, eða að öðru leyti, og varða það þá ábyrgð eins og brot á embættisfærslu, nema brotið sje svo vaxið, að ábyrgð varði eftir siglingarlögunum og eigi liggi þyngri hegning við því sem broti í embættisfærslu. Þátttaka í verkfalli varðar skipverja á varðskipunum ábyrgð, eftir lögum nr. 33 1915.

9. gr.

Lög þessi ná aðeins til þeirra varðskipa, sem eru eign ríkisins og ráðuneytið telur aðalvarðskip.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfríhöll, 31. maí 1927.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

L Ö G

um

breyting á lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

14. grein skal orða svo:

Berklaveikur sjúklingur getur fengið ókeypis vist eða styrk til